

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 46

3. árgangur

10.10.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/46/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.828 - Schweizer Re/M&G).....	01
96/EES/46/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.832 - Norsk Hydro/Terni Industrie Chimiche (Enichem Agricoltura)).....	02
96/EES/46/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.785 - Thomas Cook/Sunworld).....	03
96/EES/46/04	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi.....	03
96/EES/46/05	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um notkun sameignlegs innkaupaorðasafns (CPV) við lýsingu á viðfangsefni opinberra samninga.....	03

96/EES/46/06	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um eftirgjöf á sektum eða lækkun þeirra í málum er varða einokunarhringi.....	04
96/EES/46/07	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breyting á ákvörðun um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi.....	04
96/EES/46/08	Upplýsingar frá evrópsku framkvæmdastjórninni um samvinnu milli innlendra yfirvalda á sviði samkeppnismála og framkvæmdastjórnarinnar.....	04
96/EES/46/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 20/96 - Spánn.....	05
96/EES/46/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 22/96 - Ítalía.....	05
96/EES/46/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 30/96 - Frakkland.....	06
96/EES/46/12	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	06
96/EES/46/13	Framtíðaráætlun fyrir stáliðnaðinn fyrir seinni hluta árs 1996 og allt árið 1996.....	07
96/EES/46/14	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16. 8. til 6. 9. 1996.....	08
96/EES/46/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	09
3. Dómstóllinn		
96/EES/46/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	11
96/EES/46/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	14

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.828 - Schweizer Re/M&G)

96/EES/46/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Schweizer Rückversicherungsgesellschaft öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Mercantile and General Reinsurance Company Ltd með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Schweizer Rückversicherungsgesellschaft: endurtryggingar,
 - Mercantile and General Reinsurance Company Ltd: endurtryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 290, 3. 10. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.828 - Schweizer Re/M&G, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.832 - Norsk Hydro/Terni Industrie Chimiche
(Enichem Agricoltura))

96/EES/46/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 9. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Hydro Agri Nederland BVA (Hollandi), sem tilheyrir samstæðunni Norsk Hydro A.S.A. (Noregi), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir viðskiptum Terni Industrie Chimiche Srl (TIC), sem er dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Enichem Agricoltura SpA (Ítalíu), með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Norsk Hydro: framleiðsla og sala á jarðefnum og kemískum áburði, framleiðsla á ammoníaki, olíu og gasi, kemískum efnum úr jarðolíu og léttmálum,
 - TIC: framleiðsla og sala á áburði, hálfunnum efnum og öðrum kemískum efnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 290, 3. 10. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.832 - Norsk Hydro/Terni Industrie Chimiche (Enichem Agricoltura), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.785 - Thomas Cook/Sunworld)**

96/EES/46/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 8. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfum á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0785. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/46/04

**Kveðið á um skyldur um opinbera
þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk yfirvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Le Havre (Octeville), Rouen (Vallée de Seine) og Strasbourg (Entzheim) (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 221, 30. 7. 1996).

**Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996
um notkun sameignlegs innkaupaorðasafns (CPV) við lýsingu á
viðfangsefni opinberra samninga**

96/EES/46/05

Framkvæmdastjórnin birti tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um notkun sameignlegs innkaupaorðasafns (CPV) við lýsingu á viðfangsefni opinberra samninga í Stjtið. EB nr. L 222, 3. 9. 1996 (sjá nánari útlíun í framannefndum Stjtið. EB).

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um eftirgjöf á sektum eða lækkun þeirra í málum er varða einokunarhringi**96/EES/46/06**

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu um eftirgjöf á sektum eða lækkun þeirra í málum er varða einokunarhringi í Stjtið. EB nr. C 207, 18. 7. 1996. Framkvæmdastjórnin telur baráttuna gegn einokunarhringjum mikilvægan lið í því að ná markmiðunum sem sett eru í Hvítbókinni frá 1993 um vöxt, samkeppnishæfni og atvinnu. Þetta útskýrir hvers vegna hún hefur lagt aukið kapp á að afhjúpa einokunarhringi síðastliðin ár (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 Breyting á ákvörðun um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**96/EES/46/07**

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að breyta ákvörðun um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Brest (Guipavas) og Ouessant sem birt var í EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 29, 4. 7. 1996 og Stjtið. EB nr. C 188, 28. 6. 1996 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 229, 8. 8. 1996).

Upplýsingar frá evrópsku framkvæmdastjórninni um samvinnu milli innlendra yfirvalda á sviði samkeppnismála og framkvæmdastjórnarinnar**96/EES/46/08**

Framkvæmdastjórnin ætlar að gefa út auglýsingu um samvinnu milli innlendra yfirvalda á sviði samkeppnismála og framkvæmdastjórnarinnar við meðferð mála sem falla undir gildissvið 85. og 86. gr. EB-sáttmálans. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir auglýsinguna gefur hún öllum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum um drögin að auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar sem birt eru í fullri lengd í Stjtið. EB nr. C 262, 10. 9. 1996. Slíkar athugasemdir skulu hafa borist fyrir 25. október 1996 til:

European Commission
Directorate General for Competition
Unit IV/A/2 - Legal Questions and Legislation
Cort. 150 3/62
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Internet: Vincent.Joris@DG4.cec.be

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 20/96
Spánn

96/EES/46/09

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð spænskra stjórnvalda vegna kaupa á ökutækjum sem notuð eru í atvinnuskyni sem er liður í áætlun um iðnaðaruppbyggingu (sjá nánari útlíðun í Stjttíð. EB nr. C 266 frá 13. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við spænsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 22/96
Ítalía

96/EES/46/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 3855/91/KSE frá 27. nóvember 1991 í tengslum við aðstoð sem ítölsk stjórnvöld áforma að veita Servola SpA (sjá nánari útlíðun í Stjttíð. EB nr. C 273 frá 19. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við ítölsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 30/96
Frakkland

96/EES/46/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðgerðir franska yfirvalda til styrktar fjármálastofnuninni Crédit Foncier de France, einkum í tengslum við yfirdráttarheimild í Caisse des Dépôts et Consignations sem nemur 20 milljörðum FF og unnt er að hækka í 25 milljarða FF, ótakmarkaða ábyrgð franska stjórnvalda vegna skulda stofnunarinnar og ákvörðun stjórnvalda um að þau muni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Crédit Foncier de France geti, eftir 31. júlí 1996, haldið áfram starfsemi sinni í samræmi við gildandi varfærnisreglur (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 275 frá 20. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr.
EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

96/EES/46/12

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð til styrktar ákveðnu fjárfestingarverkefni, ríkisaðstoð nr. N 244/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 235 frá 13. 8. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska áætlun um aðstoð til að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækja í Steiermark sem taka að sér rannsóknar- og þróunarverkefni og til að styrkja samstarf fyrirtækja og rannsóknarstofnana, ríkisaðstoð nr. N 985/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 272 frá 18. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tengslum við upplýsingaþjónustu við þau um aðgang að alþjóðamörkuðum, ríkisaðstoð nr. N 626/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 272 frá 18. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska áætlun um aðstoð í tengslum við uppbyggingu fiskiðjuvera, smíði og breytingar á fiskiskipum sem stunda veiðar við strendur, dreifingu og kynningu á fiskafurðum, uppbyggingu kvíaeldis og endurskiplagningu á niðursuðuiðnaðinum, ríkisaðstoð nr. NN 158/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 272 frá 18. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð við sjómenn og eigendur fiskiskipa sem veiða í landhelgi Máritaníu, ríkisaðstoð nr. NN 005/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 272 frá 18. 9. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð við fyrirtækið Mercedes Benz España, S.A. í tengslum við fjárfestingarverkefni þess, ríkisaðstoð nr. N 851/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 276 frá 21. 9. 1996).

**Framtíðaráætlun fyrir stáliðnaðinn fyrir seinni hluta árs
1996 og allt árið 1996**

96/EES/46/13

Framkvæmdastjórnin birti framtíðaráætlun fyrir stáliðnaðinn fyrir seinni hluta árs 1996 og allt árið 1996 í Stjótíð. EB nr. C 271, 17. 9. 1999.

Í Evrópusambandinu gætti samdráttar í hagvexti síðari hluta árs 1995 sem hélt áfram fyrstu mánuðina 1996 og varð til þess að hægja verulega á allri almennri atvinnustarfsemi.

Þetta tiltölulega langa samdráttartímabil í iðnaðarstarfsemi er ein af meginástæðunum fyrir því að dregið hefur jafnt og þétt úr eftirspurn á stálmarkaði bandalagsins sem hefur leitt til enn meiri samdráttar í sýnilegri neyslu, enda hefur verið almenn tilhneiging að minnka birgðir.

Jafnvel þótt horfur fyrir seinni hluta árs 1996 séu miklu betri vegna uppgangs innan ákveðinna atvinnugreina þar sem eftirspurn er eftir stáli og verðgildi dollars fari smám saman hækkandi má ráða af umsögn notenda, dreifiaðila og stálframleiðenda að ástandið hafi ekki mikið batnað fyrri hluta ársins.

Tölur um raunverulega eftirspurn, framleiðslu og hagnað fyrir allt árið 1996 munu því verða dálítið lægri en fyrir 1995, þrátt fyrir að ástandið á stálmarkaði bandalagsins fari batnandi, sem einkum má rekja til þess að dregið hefur verið úr þrýstingi á innflutning og útflutningur aukist.

Efnahagslegur uppgangur sem nú er að koma í ljós fyrir seinni hluta árs 1996 kann að halda áfram fram yfir áramót. Helstu aðilar sem hlut eiga að máli, einkum framleiðendur og dreifiaðilar verða þó að sýna ábyrgð svo unnt sé að tryggja lengra stöðugleikatímabil á stálmarkaði bandalagsins og forðast þau skaðlegu áhrif sem sveiflukenndur efnahagssamdráttur hefur á stjórnun fyrirtækja og atvinnumál innan greinarinnar (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
sendi ráðinu á tímabilinu 16. 8. til 6. 9. 1996**

96/EES/46/14

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 435	CB-CO-96-437-EN-C ⁽¹⁾	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um flugafgreiðslumarkaðinn á flugvöllum bandalagsins	16.8.1996	16.8.1996	12
COM(96) 520	CB-CO-96-639-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sölu á neytendavörum og tengdar ábyrgðir	18.6.1996	23.8.1996	33
COM(96) 303	CB-CO-96-313-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um önnur aukefni í matvælum en litar- og sætuefni	4.9.1996	4.9.1996	14
COM(96) 369	CB-CO-96-370-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um breytingu á ákvörðun 93/389/EBE um tilhögun eftirlits með CO ₂ -útblæstri og ústreymi annarra lofttegunda sem stuðla að gróðurhúsaáhrifum	4.9.1996	4.9.1996	10
COM(96) 407	CB-CO-96-406-EN-C	Önnur skýrsla frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, félags- og efnahagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um að fella kröfur um heilsuvernd inn í stefnur bandalagsins á ýmsum sviðum (1995)	4.9.1996	4.9.1996	62
COM(96) 409	CB-CO-96-407-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3079/95 um úthlutun á aflakvótum bandalagsins í grænlenstri lögsögu 1996	4.9.1996	4.9.1996	4
COM(96) 413	CB-CO-96-401-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)	4.9.1996	4.9.1996	14
COM(96) 440	CB-CO-96-444-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um eftirlit með meiriháttar slyshættu í tengslum við hættuleg efni	3.9.1996	4.9.1996	12
COM(96) 426	CB-CO-96-420-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður matsins sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum	5.9.1996	5.9.1996	18

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/46/15

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0297-UK	Fyrirmæli um smitandi heilahrörnun í nautgripum, 1996	Útrunnið
96-0298-UK	Breyting á fyrirmælum um smitandi heilahrörnun í nautgripum (Norður-Írland), 1996	Útrunnið
96-0299-UK	Reglugerðir um tiltekin efni úr nautgripum (meðferð og förgun) (nr. 2) (Norður-Írland), 1996	Útrunnið
96-0300-UK	Reglugerðir um tiltekin efni úr nautgripum (nr. 2) (Norður-Írland), 1996	Útrunnið
96-0301-D	Breyting á fyrirmynd að byggingarreglugerðum, júní-útgáfa 1996	4.11.1996
96-0302-UK	Reglugerðir um öryggi skipa (floteiginleikar ekjuferja), 1996	6.11.1996
96-0303-F	Tilskipun um áætlanir um förgun á heimilisúrgangi og sambærilegum úrgangi	21.10.1996
96-0304-UK	Reglugerðir um nýtt kjöt (eftirlit með nautakjöti) (nr. 2), 1996	Útrunnið
96-0305-UK	Drög að reglugerðum um skuldbindingar í tengslum við ábyrgð framleiðenda (umbúðauðgangur)	4.12.1996
96-0306-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 222 ZV 20 fyrir móttökutæki fyrir svæðisbundnu persónuleitarþjónustuna	Útrunnið
96-0307-NL	Reglugerð um nákvæmari reglur um sérstakan búnað til notkunar á sýningarsvæðum og skemmtigörðum	6.11.1996
96-0308-D	Önnur fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um mannvirki sem þarf samþykki fyrir	14.11.1996
96-0309-A	Fyrirmæli frá sambandsríkjaráðherra fyrir heilsu- og neytendavernd um merkingu á matvælum, drykkjarvörum og aukefnum sem eru framleidd með erfðafræðilegum aðferðum	13.11.1996
96-0310-A	Lög um vín - fyrirmæli um heiti	14.11.1996
96-0311-D	Viðmiðunarreglur frá DAfStb (þýsk nefnd um járnbenta steinsteypu við þýska staðlaráðið) um styrkta steinsteypu; viðbót við DIN 1045/07.88 um styrktarflokka B 65 til B 115, útgáfa frá ágúst 1995	13.11.1996
96-0312-DK	Fyrirmæli um símasjálfsala	13.11.1996
96-0313-NL	Breyting (nr. 37) á fyrirmælum um mjólkurvörur frá 1958, með hliðsjón af neyslumjólk	13.11.1996
96-0314-NL	Fyrsta breyting á fyrirmælum frá verslunarráðinu fyrir skrautjurtir (PVS) um gæðakröfur fyrir blómlauka (ýmsar vörur) 1996; og önnur breyting á fyrirmælum frá verslunarráðinu fyrir skrautjurtir (PVS) um gæðakröfur fyrir blómlauka (sverðliljur, liljur og hátíðarliljur), 1996	13.11.1996

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0315-D	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um hámarks magn skaðlegra efna (SHmV)	13.11.1996
96-0316-A	Breyting á lögum Neðra-Austurríkis um meðferð úrgangs, 1992	13.11.1996
96-0317-UK	MPT 1382: Afkastaforskrift fyrir hornastílltan 27 MHz radióbúnað til notkunar í almenningstalstöðvarkerfinu	20.11.1996
96-0318-UK	Reglugerðir um ökutæki á vegum (smíði og notkun)(breyting), 1996	20.11.1996
(³)(⁴)(⁵)		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/46/16

Dómur dómstólsins frá 18. júní 1996 í máli C-303/94: Evrópuþingið gegn ráði Evrópusambandsins (tilskipun um markaðssetningu plöntuvarnarefna - heimildir þingsins).

Úrskurður dómstólsins frá 25. júní 1996 í máli C-101/96: Sakamál á hendur Italia Testa (túlkun á ákvæðum Rómarsáttmálans um frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi með tilliti til innlestrar löggjafar um ráðstöfun opinbers fyrirtækis á höfundarrétti).

Mál C-1/96 SA: Beiðni lögð fram 15. júlí 1996 af SA Must Interim um leyfi til að kyrrsetja fé vegna útistandandi skulda framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-199/96: Mál höfðað þann 13. júní 1996 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-206/96: Mál höfðað þann 18. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-209/96: Mál höfðað þann 19. júní 1996 af Breska konungsríkinu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-211/96: Mál höfðað þann 21. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-212/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif, Saint-Denis de la Réunion, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 5. júní 1996 í máli Paul Chevassus-Marche gegn Conseil Régional de la Réunion.

Mál C-217/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-218/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-219/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-220/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-221/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-222/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-223/96: Mál höfðað þann 26. júní 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-224/96: Mál höfðað þann 27. júní 1996 af S.A. Promotion Leopold gegn Evrópuþinginu.

⁽¹⁾ Sjá Stjórn. EB nr. C 269, 14. 9. 1996.

Mál C-226/96: Mál höfðað þann 1. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-227/96: Mál höfðað þann 1. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-228/96: Beiðni um forúrskurð frá Ufficio del Giudice Conciliatore di Milano samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 25. júní 1996 í máli Aprile Srl gegn Amministrazione delle Finanze.

Mál C-229/96: Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Frankfurt am Main samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 11. júní 1996 í máli Friedrich Santner gegn Hoechst Aktiengesellschaft.

Mál C-230/96: Beiðni um forúrskurð frá Cour d' Appel, Douai, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 20. júní 1996 í máli SA Cabour og SA Nord Distribution Automobile gegn SARL Armor "Soco" (meðalgönguáðilar: SA Automobile Peugeot og SA Automobiles Citroën).

Mál C-232/96: Mál höfðað þann 8. júlí 1996 af Lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-233/96: Mál höfðað þann 9. júlí 1996 af dönskum stjórnvöldum gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-234/96 og C-235/96: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamburg samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 6. febrúar 1996 í máli Agnes Vick gegn Deutsche Telekom AG og Ute Conze gegn Deutsche Telekom AG.

Mál C-236/96: Mál höfðað þann 9. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-237/96: Beiðni um forúrskurð frá Cour d' Appel, Mons, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 28. júní 1996 í máli Ministre des Finances du Royaume de Belgique gegn E. Amelynck o.fl.

Mál C-238/96: Mál höfðað þann 10. júlí 1996 af Írlandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-239/96: Mál höfðað þann 10. júlí 1996 af Breska konungsríkinu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-240/96: Mál höfðað þann 10. júlí 1996 af Breska konungsríkinu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-241/96: Mál höfðað þann 11. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-243/96: Mál höfðað þann 12. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-244/96: Mál höfðað þann 12. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-245/96: Mál höfðað þann 12. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-246/96: Beiðni um forúrskurð frá Office of the Industrial Tribunals and the Fair Employment Tribunal samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 9. júlí 1996 í máli Mary Teresa Maggioran og Irene Patricia Cunningham gegn Eastern Health and Social Services Board og Department of Health and Social Services.

Mál C-248/96: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank, Amsterdam, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 16. júlí 1996 í máli 1) R.O.J. Grahame og 2) L.M. Hollanders gegn Bestuur van de Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging.

Mál C-249/96: Beiðni um forúrskurð frá Industrial Tribunals, Southampton, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 19. júlí 1996 í máli Lisa Jacqueline Grant gegn South-West Trains Ltd.

Mál C-252/96 P: Áfrýjað var þann 22. júlí 1996 af Evrópuþinginu dómi uppkveðnum þann 22. maí 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) í máli T-140/94 milli Enrique Gutiérrez de Quijano y Llorens og Evrópuþingsins.

Mál C-259/96 P: Áfrýjað var þann 23. júlí 1996 af ráði Evrópusambandsins dómi uppkveðnum þann 26. júní 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) í máli T-91/95 milli L. de Nil og C. Impens gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-261/96: Beiðni um forúrskurð frá Corte d' Appello (Sezione Prima Civile), Feneyjum, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 9. maí 1996 í máli Conserchimica SRL gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato.

Mál C-262/96: Beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Aachen, 13. deild, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 24. júlí 1996 í máli Sema Sürül gegn Bundesanstalt für Arbeit, Nürnberg.

Mál C-263/96: Mál höfðað þann 26. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-264/96: Beiðni um forúrskurð frá House of Lords samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 24. júlí 1996 í máli Imperial Chemical Industries plc gegn Colmer (Her Majesty's Inspector of Taxes).

Mál C-265/96: Mál höfðað þann 31. júlí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-267/96: Mál höfðað þann 5. ágúst 1996 af Lýðveldinu Frakklandi gegn Evrópuþinginu.

Mál C-413/93 tekið af málaskrá: (Beiðni um forúrskurð frá Pretura circondariale de Trapani): Sakamál á hendur Matteo Peralta.

Mál C-121/94 tekið af málaskrá: (Beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht): Domingo González-Rodríguez gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-327/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-385/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-387/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-393/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-394/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-5/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-40/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á
fyrsta dómstigi⁽¹⁾****96/EES/46/17**

Úrskurður forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. júlí 1996 í máli T-52/96 R: Sogecable SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Úrskurður forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. júlí 1996 í máli T-76/96 R: The National Farmers' Union o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-105/96: Mál höfðað þann 8. júlí 1996 af Pharos S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-106/96: Mál höfðað þann 10. júlí 1996 af Wirtschaftsvereinigung Stahl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-107/96: Mál höfðað þann 12. júlí 1996 af Pantochim SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-111/96: Mál höfðað þann 22. júlí 1996 af ITT Promedia NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-114/96: Mál höfðað þann 26. júlí 1996 af Biscuterie-Confiserie LOR og Confiserie du TECH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 269, 14. 9. 1996.